

## Stjórnarfundur FEB nr. 473 þriðjudag 12. apríl 2022 kl. 13.00

Mættir: Ingibjörg H. Sverrisdóttir formaður, Sigurbjörg Gísladóttir varaformaður, Ingibjörg Óskarsdóttir gjaldkeri og meðstjórnendurnir Ólafur Örn Ingólfsson og Kolbrún Stefánsdóttir, auk varamannanna Viðars Eggertssonar, Halldórs Frímanssonar og Kristjáns Árnasonar.  
Fjarverandi: Kári Jónasson og Geir A. Guðsteinsson

Auk þess sat Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri fundinn.

Ingibjörg H. Sverrisdóttir formaður setti fund.

### 1. Nýjar upplýsingar varðandi áður tilkynntan öryggisbrest til Persónuverndar

Á síðustu vikum hefur stjórnendum FEB borist nýjar upplýsingar er varðar öryggisbrest sem FEB tilkynnti til Persónuverndar í janúar 2020. Þessar nýju upplýsingar voru til umræðu á fundinum og það tekið fyrir hvort eðlilegt þætti að upplýsa þyrfti Persónuvernd.

Stjórnin samþykkti með meirihluta greiddra atkvæða að hún teldi það lögbundna skyldu FEB að tilkynna þessar nýju upplýsingar.

Tillaga um aðra meðhöndlum náði ekki fram að ganga.

Ingibjörg Óskarsdóttir og Ólafur Örn Ingólfsson yfirgefa fundinn.

### 2. Bókun fulltrúaráðs Leigufélags aldraðra (LA) til stjórnar FEB til samþykktar.

Tekið fyrir bréf frá stjórn LA dags. 1. apríl 2022 sem var beint til fulltrúaráðs LA og stjórnar FEB. Formaður fulltrúaráðs LA lagði fyrir stjórn FEB til afgreiðslu, bókun sem svar til stjórnar LA við umræddu bréfi.

Stjórn FEB samþykkti bókunina með meirihluta greiddra atkvæða.

Kolbrún Stefánsdóttir yfirgefur fundinn

### 3. Ný skipun í fulltrúaráð LA

Stjórn FEB samþykkti að skipa Jóhann G. Ásgrímsson í fulltrúaráð LA, auk þeirra 5 sem nú þegar skipa það.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 15.00

Fundargerð rituðu Viðar Eggertsson og Dýrleif Guðjónsdóttir

Ingibjörg H. Sverrisdóttir  
Sigurbjörg Gísladóttir  
Varaformaður  
Halldór Frímansson  
Geir A. Guðsteinsson  
Kolbrún Stefánsdóttir

Stj